

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011 (11 Iðnaðarráðuneyti).

Frá 1. minni hluta iðnaðarnefndar.

Iðnaðarnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 21. október 2010. Nefndin hefur fengið á sinn fund Ingu Ósk Jónsdóttur og Kristján Skarphéðinsson frá iðnaðarráðuneyti.

Heildarútgjöld iðnaðarráðuneytisins árið 2011 eru áætluð 5.501,8 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 773,1 m.kr. sem nema 14% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 4.728,7 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 4.672,5 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 56,2 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Útgjöld iðnaðarráðuneytisins dragast saman um 1.138,4 m.kr. á verðlagi fjárlaga 2010. Eins og fram kemur í frumvarpinu má segja að breytingum á útgjöldum megi skipta í þrennt. Í fyrsta lagi eru gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 346,9 m.kr. í samræmi við áætlun ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum. Í öðru lagi falla til nokkrar nýjar útgjaldaskuldbindingar sem nema 43,5 m.kr. Í þriðja lagi falla niður ýmis tímabundin framlög að fjárhæð 791,5 m.kr.

Sparnaður frá fjárlögum 2010 nemur rúmum 1.138 m.kr. Þar munar mest um að sammingsbundnum verkefnum er lokið. Þannig verður ekki lengur innheimt iðnaðarmálagjald (420 m.kr.), framlögum til djúpborunarverkefnisins við Leirhnjúk er lokið (162 m.kr.), framlög vegna Veðurstofu eru færð yfir til Umhverfissráðuneytis (98,6 m.kr.), framlögum vegna landgrunnsverkefni SP er lokið (57 m.kr.), samningum vegna háskólaseturs á Vestfjörðum og Fræðslunets Austfjarða er lokið (35,8 m.kr.), Norrænu verkefni er lokið (3 m.kr.) og samningi um framlög til markaðsstarfs og gestastofa er lokið (15,1 m.kr.).

Raunsparnaður vegna hagræðingar í ríkisrekstri er rétt tæpar 350 millj.kr. sem er um 5,9% sparnaður frá fjárlögum 2010 en ekki 19% eins og gefið er til kynna í fjárlagafrumvarpinu, sjá töflu.

Breyting á fjárlagaliðum frá fjárlögum 2010

Háskólasetur Vestfjarða	-17,9
Fræðslunet Austurlands	-17,9
Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	-11,7
Nýsköpunarmiðstöð	5,9
Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	-5,0
Samtök iðnaðarins	-420,0
Iðja og iðnaður, framlög	35,7
Loftlagsmál	-2,0
Verkefni á sviði atvinnuþróunarmála	-1,7
Orkustofnun	-354,9
Orkusjóður	-6,4
Niðurgreiðslur á húshitun	-155,8
Ýmis orkumál	-2,6
Úrskurðar- og samráðsnefnd um framkvæmd raforkulaga	-0,1
Alþjóðlegt samstarf	-1,0
Erlendir orkusamningar	-1,0
Norrænt verkefni	-3,0
Orkusparnaðarverkefni	5,3
Byggðastofnun	-78,7
Ferðamálastofa	-38,3
Ýmis ferðamál	-68,5
Samstarf ríkis og sveitarfélaga um menningarmál	10,0
Til markaðs og gestastofa	-15,1
Verkefni á sviði stefnumótunar í ferðaþjónustu	6,3
Sparnaður frá fjárlögum 2010	-1138,4
Tímabundin framlög þar sem skuldbindingu líkur	791,5
Raunsparnaður frá fjárlögum 2010	-346,9

Þrátt fyrir að flestir skilji nauðsyn þess að spara í ríkisrekstri er mikilvægt að það sé gert á þann hátt að ekki sé skemmt það sem vel hefur verið gert eða að niðurskurður bitni ekki á ósanngjarnan hátt á landsmönnum. Þannig er nauðsynlegt að fært verði til á milli viðfangsefna innan liðarins 11-373-1.98 Niðurgreiðslur á húshitun, þannig að ekki komi til þess að húshitunarkostnaður heimila á köldum svæðum hækki eða hækki framlögin ella. Þá er einnig mikilvægt að áfram verði stutt við nýveituf framkvæmdir og að styrkir sem veittir eru vegna stofnunar nýrra hitaveitna á grundvelli laga nr. 78/2002 um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðs verði hækkaðir. Samkvæmt núgildandi lögum nemur fjárhæð styrksins allt að átta ára áætluðum niðurgreiðslum á rafmagni en ákjósanlegt væri að hækka hann svo hann nemi 12 ára áætluðum niðurgreiðslum.

Nauðsynlegt er að ekki komi til þess að framlögum til Háskólaseturs á Vestfjörðum og Fræðslunets Austfjarða verði hætt. Verkefnin hafa sýnt og sannað að árangur fyrir atvinnu og atvinnulíf í fjórðungunum hefur verið mikill síðan samningurinn gekk í gildi og líklegt er að það mundi fljótlegra leiða til meiri kostnaðar fyrir ríkið að draga sig út úr verkefnum. Því er

hér lagt til að framlögum til Háskólaseturs á Vestfjörðum og Fræðslunets Austfjarða verði ekki hætt.

Samkvæmt ráðuneytisstjóra iðnaðarráðuneytisins er talið að um 1.000 milljónir vanti inn í Byggðastofnun til að standast lögbundið lágmark um eigið fé. Þessu er ekki gerð grein fyrir í fjárlögum. Þannig þarf að bæta stofnuninni um 300 milljónir vegna afskrifta útlána og aðrar 700 milljónir vegna afskrifta sem ráðast þurfti í síðasta sumar vegna ákvörðunar sjávarútvegsráðherra Jóns Bjarnasonar um að gefa rækjuveiðar frjálsar – aðgerð sem orkar tvímælis hvort að standis lög. Mikilvægt er að útgjöld sem þegar er vitað að ríkissjóður standi frammi fyrir séu á fjárlögum. Það er í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, marg ítrekaðar ábendingar Ríkisendurskoðunar, góða starfshætti og gagnsægi.

Að teknu tillits til nauðsynlegs framlags til Byggðastofnunar (1.000 milljónir) og tillögu um að ekki verði skorin niður framlög til Fræðslunets Austurlands og Háskólaseturs á Vestfjörðum (35,8 milljónir) aukast raunútgjöld Iðnaðarráðuneytisins (að teknu tilliti til verkefna sem er lokið) um 688,9 í stað þess að raunsparnaður verði 346,9 milljónir króna eins og stefnt er að í fjárlagafrumvarpinu.

Alþingi, 17. nóvember 2010

Tryggvi Þór Herbertsson

Jón Gunnarsson